

Eineltisáætlun Salaskóla

Einelti er ekki liðið í Salaskóla og í skólareglum flokkast það sem alvarlegt mál.

Skólafyrirvöld, starfsfólk, nemendur, skólaráð og foreldrafélag vinna markvisst með fjölbreyttum áherslum gegn einelti í skólanum. Í öllum bekkjum er unnið eftir forvarnaráætlun Salaskóla þar sem áhersla er á að byggja upp jákvæð samskipti og góða sjálfsmynd. Skólinn leggur ríka áherslu á að traust og virðing ríki innan skólans og nemendum og starfsfólki líði vel í skólanum. Vinna með einstök eineltismál er á ábyrgð nemendaverndarráðs.

Hvað er einelti?

Salaskóli styðst við eftirfarandi skilgreiningu á einelti, en túlkar hana rúmt og vinnur frekar fleiri mál en færri sem eineltismál:

Einastaklingur er lagður í einelti ef hann/hún verður fyrir endurteknum neikvæðum verknaði eins eða fleiri einstaklinga yfir ákveðið tímabil.

Tilkynning um einelti

Salaskóli hvetur nemendur sem telja sig eða aðra nemendur verða fyrir einelti að segja frá því. Þeir geta leitað til kennara, námsráðgjafa, félagsráðgjafa, skólastjórnenda eða foreldra. Mikilvægt er að biða ekki með að tilkynna.

Viðbrögð:

- Þegar grunur vaknar um einelti eða skólanum berst tilkynning um einelti er málið kannað og nauðsynlegra upplýsinga er aflað.
- Viðtöl við gerendur og foreldra þeirra en einnig þolanda og foreldra.
- Tekið fyrir í nemendaverndarráði og skráð þar.
- Málinu fylgt eftir þar til tryggt þykir að því sé lokið.

Verklagsreglur eineltismála:

- 1. Tilkynning berst skólanum:** Umsjónarkennurum upplýst um málið og það tekið fyrir í nemendaverndarráði.

2. **Upplýsingum aflað:** Strax og tilkynning hefur borist er hafist handa við að afla upplýsinga. Námsráðgjafi/félagsráðgjafi aðstoðar umsjónarkennara við upplýsingaöflun og rætt er við starfsfólk skóla sem vinnur með hópinn.
3. **Aðgerðir:** Rætt við foreldra/forráðamenn þolanda og geranda og aðra samnemendur sem tengjast málinu. Fylgst vel með í frímínútum og kennslustundum. Umsjónarkennarar leggja fyrir tengslakönnun í bekknum eða skoða niðurstöður fyrri kannana, ef nýlegar. Unnið er með bekkinn til dæmis með því að útbúa bekkjarsáttmála og unnið með samskipti í bekknum.
4. **Eftirfylgd:** Málinu er fylgt eftir og umsjónarkennarar/félagsráðgjafi/námsráðgjafi eru í reglulegu sambandi við foreldra/forráðamenn bæði þolanda og geranda og upplýsa þá um það hvernig gengur. Málinu telst lokið þegar þolandi og foreldrar/forráðamenn upplifa það sem svo.

Ath. Að aðgerðaráætlunin er aðeins til viðmiðunar. Málin eru misjöfn og mikilvægt að skoða hvert mál fyrir sig og bregðast við með viðeigandi hætti.